

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1998.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind í 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1998. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1998 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðsgjaldi á árinu 1997.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1998 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% milli ára að teknu tilliti til lægra gjaldhlutfalls.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1998 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

nr. 5/1998 frá ríkisskattstjóra um ýmsar grunnfjárhæðir í almennum skattskilum.

1. Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis og einkabifreiðar með tilliti til verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981.

Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 5. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981, skal breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. sömu laga:

Hækkunarstuðullinn við álagningu 1998 (tekjuár 1997) verður 21,7641 og í stað 500.000 kr. koma því 10.882.050 kr.

2. Fjárhæðir í lögum nr. 9/1984 um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9/1984 um fjárfestingu í atvinnurekstri skulu fjárhæðir sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr. laganna breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Umræddar fjárhæðir og stuðlar vegna álagningarársins 1998 (tekjuár 1997) verða því þessar:

- a) Lágmarkskaupverð varanlegra rekstrarfjármuna:
Í stað 200.000 kr. í 6. gr. laganna komi 847.680 kr. (stuðull: 4,2384).
- b) Lágmark hlutafjár staðfesta félaga:
Í stað 12.000.000 kr. í 11. gr. laganna komi 22.022.400 (stuðull: 1,8352).
- c) Lágmark hlutafjár hlutafélaga sem tengist starfsmannasjóði:
Í stað 3.000.000 kr. í 14. gr. laganna komi 16.113.300 (stuðull: 5,3711).
- d) Lágmark hlutafjár fjárfestingarfélaga:
Í stað 5.000.000 kr. í 24. gr. laganna komi 26.855.500 (stuðull 5,3711).

3. Laun utan staðgreiðslu á árinu 1998.

Fjárhæðir skv. 16., 17., 19. og 20. tölul. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar nr. 591/1987 verða þær sömu við ákvörðun á staðgreiðslu 1998 og þær voru á fyrra ári.

Samkvæmt því verða umræddar fjárhæðir vegna greiddra launa á árinu 1998 þessar:

1. Heimilishjálp, húsfélög o.þ.h.: Í 16. tölul. verða 107.656 kr. og 215.312 kr.
2. Reiknað endurgjald í sjálfstæðri starfsemi: Í 17. tölul. verða 179.427 kr.
3. Höfundarlaun: Í 19. tölul. verða 215.313 kr.
4. Greiðslur til vistmanna elliheimila: Í 20. tölul. verða 215.313 kr.

4. Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

- a) Fjárhæð gjalds.

Samkvæmt 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 44. gr. laga nr. 144/1995, skal fjárhæð gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra verða 4.065 kr. við álagningu 1998 vegna tekna 1997.

- b) Tekjumark.

Tekjuviðmiðun samkvæmt sama 1. tölul. 10. gr. skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluár samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Við álagningu 1998, tekjuárið 1997, verður gjaldið því ekki lagt á þá sem hafa tekjur undir 701.594 kr.

5. Fjárhæð greiddra launa á árinu 1998 sem undanþegin er staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsundum króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,2599 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 38.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 456.000 kr. (heildarskil).

Reykjavík, 5. janúar 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.